

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 2006 í máli nr. S-247/2006:

Ákærvaldið

(Björn Þorvaldsson lögl. fulltr.)

gegn

Lárusi Einarssyni

Lárusi Einarsson sf.

(Tryggvi Agnarsson hdlr.)

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkislögreglustjóra 7. febrúar 2006 á hendur Lárusi Einarssyni, Ósi 2, Skilmannahreppi og sameignarfélaginu Lárusi Einarssyni, Stórholti 29, Ísafirði, fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt, með því að ákærði Lárus, sem framkvæmdastjóri og eigandi sameignarfélagsins Lárusar Einarssonar, stóð eigi tollstjóranum í Reykjavík, í samræmi við það sem lög áskilja, skil á virðisaukaskatti sem innheimta bar í nafni félagsins á árunum 1998 til 2002, samtals að fjárhæð kr. 20.312.893,- og sundurliðast sem hér greinir:

Uppgjörstímabil:

Árið 1998

Maí – júní	kr.	246.172	
júlí – ágúst	kr.	2.806.094	
Sept. – okt.	kr.	2.010.663	
Nóv. – des. 7.685.427	kr.	2.622.498	kr.

Árið 1999

Mars – apríl	kr.	531.821	
Sept. – okt.	kr.	3.182.803	
Nóv. – des. 3.819.569	kr.	104.945	kr.

-

Árið 2000

Jan. – feb.	kr.	199.818	
Mars - apríl	kr.	376.171	
Maí – júní	kr.	1.613.764	
Júlí – ágúst	kr.	1.648.677	
Sept. – okt.	kr.	795.538	
Nóv. – des. 5.372.223	kr.	738.255	kr.

-

Árið 2001

Jan. – feb.	kr.	230.130	
Júlí – ágúst	kr.	9.058	
Nóv. – des. 466.927	kr.	227.739	kr.

Árið 2002

Jan. – feb.	kr.	3.226	
Maí – júní	kr.	382.857	
Júlí – ágúst	kr.	1.568.767	

Sept. – okt. kr. 1.013.897 kr. _____
2.968.747

Samtals kr 20.312.893

Telst þetta varða við 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42, 1995, 191. gr. laga nr. 82, 1998 og 3. gr. laga nr. 134, 2005 og 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995 og 139. gr. laga nr. 82/1998.

Brot ákærða Lárusar Einarssonar sf. telst varða við framangreind ákvæði, sbr. 8. mgr. 40. gr. laga nr. 50, 1988.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Verjandi ákærðu krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða Lárusar, fyrir sína hönd og vegna hins ákærða félags, og öðrum gögnum málsins, að ákærðu eru sek um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Með 3. gr. laganna nr. 134/2005 var nýjum málslið bætt við ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt þar sem kveðið var á um að fésektarlágmarkið sem þar er tilgreint eigi ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur séu miklar. Enda þótt ráða megi af rannsóknargögnum málsins að eftir gjalddaga viðkomandi tímabila en fyrir útgáfu ákæru hafi verið greiddar rúmlega 6 milljónir króna inn á hinn vangoldna virðisaukaskatt liggur fyrir að virðisaukaskattsskýrslum vegna þeirra tímabila sem ákært er fyrir var í öllum tilvikum skilað eftir eindaga.

Samkvæmt því verður þegar af þeirri ástæðu ekki talið að ákærðu fullnægi skilyrðum hinna breyttu lagaákvæða. Gildir fésektarlágmark ofangreindra lagaákvæða því um mál þetta.

Að virtum þeim fjárhæðum sem brot ákærðu lúta að og öðru því sem hér hefur verið rakið verður að telja brot ákærða meiri háttar í skilningi 262. gr. almennra hegningarlaga. Hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt þeim lagaákvæðum sem réttilega eru tilgreind í ákæru. Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði hefur ákærði, Lárus Einarsson, ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað sem áhrif hefur á ákvörðun refsingar hans. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi og verður hún bundin skilorði eins og nánar greinir í dómsorði. Jafnframt verður báðum ákærðu gert að greiða sameiginlega sekt í ríkisjóð að fjárhæð 40.700.000 krónur innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 8 mánuði.

Ákærðu greiði sameiginlega málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Agnarssonar héraðsdómslögmanns, 99.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Lárus Einarsson, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu, Lárus Einarsson og Lárus Einarsson sf., greiði sameiginlega sekt í ríkisjóð að fjárhæð 40.700.000 krónur innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 8 mánuði.

Ákærðu greiði sameiginlega málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Agnarssonar héraðsdómslögmanns, 99.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ásgeir Magnússon